

Maí 2007

DRULLUMALLIÐ

Fréttabréf Vélhjólaiþróttafélagsins VÍK

6th TransAtlantic
**OFFROAD
CHALLENGE**
★ ★ ★ ★ ★ ★

Hjól meistarans!



SKAFANNA AUGLÝSINGASTÖFA

Yamaha YZ 450F er aðeins fyrir þá sem vilja vera fremstir. Eins og Stefan Everts sem vann Motocross MX1 Grand Prix World Champion árin 2003, 2004, 2005 og 2006 á YZ450. Ef þú hefur metnað í huga eins og til dæmis að verða tífaldur heimsmeistari og jafna met Everts þá er Yamaha YZ450F örugglega fyrir þig.

Okkur hefur tekist að fá verð lækkað á YZ450F um heilar **100.000 kr. á ákveðnu magni hjóla vegna betri samninga.**

Verð núna aðeins **897.000 kr.**

Eftir hverju ertu að biða?

MotorMax

MotorMax Reykjavík - Kletthálsi 13 - Sími 563-4400
MotorMax Egilsstöðum - Sími 470-5080 / 470-5070
MotorMax Akureyri - Sími 460-4350

www.motormax.is



6TH TRANSATLANTIC OFFROAD CHALLENGE

Stærsta keppni torfæruhjólaökumanna, Transatlantic Offroad Challenge keppnin, verður haldin á vegum Vélhjólaíþróttafélagsins VÍK í sjötta skipti 26. maí 2007 nk. í landi Efri-Víkur við Kirkjubæjarklaustur. Keppnin sem undanfarin ár hefur verið ein stærsta einstaklingsíþróttakeppni á landinu hefst kl. 12 á hádegi og lýkur ekki fyrr en kl. 18. Keppenda biður því sex klukkustunda þolakstur í einstöku landslagi og frábærri stemningu. 370 keppendur voru skráðir til leiks í fyrra en nú eru 407 keppendur skráðir í aðalkeppnina ásamt 42 keppendum í unglínga- og kvennaflokk.

Brautin liggur í gegnum grashóla, úfið hraun og djúpan sand og hefur reynst flestum keppendum mikil þolraun. Jörðin nötrar og skelfur og upplifunin á startlínunni er mögnuð þegar rúmlega 200 torfæruhjól rjúka af stað í rykmekki enda baráttan engu lík.

Undanfarin ár hefur Kjartan Kjartansson á Kirkjubæjarklaustri haft veg og vanda af skipulagningu keppinnar en í ár mun VÍK taka meiri þátt í framkvæmd keppinnar og létta Kjartani störfín enda gríðarleg vinna við keppni af þessari stærðargráðu.

Nánari upplýsingar um keppnina er að finna á www.motocross.is með því að smella á tengilinn „Klaustur 2007“ vinstra megin á síðunni.

Dagskrá 25. – 26. maí 2007

FÖSTUDAGURINN 25. MAÍ 2007

20 - 22 Skoðun hjóla í tjaldi keppnisstjórnar

LAUGARDAGURINN 26. MAÍ 2007

8- 9 Skoðun ungl. og kvennaflokks í tjaldi

9-11 Unglínga- og kvenna keppni

8-11 Skoðun hjóla í aðalkeppni í tjaldi

11:20 Raðað á ráslínu

12:00 Ræsing í aðalkeppni

18:00 Flaggað út í aðalkeppni

18:22 Áætlað að keppni ljúki

19:30 Verðlaunaafhending við tjaldið



Útgefandi: VÍK Engjavegi 6, 104 Reykjavík Umsjón með útgáfu og umbrot:
Magnús Þór Sveinsson Forsíðumynd IPAlmages/Sigurður Prentun: Litlaprent Upplag 2500 stk.

Vélahjólasportið Á hraðri uppleið



Eins og flestum er kunnugt þá hefur mótörhjólasportið á Íslandi verið í gífurlegri sókn á síðustu árum og þá sérstaklega torfæru hlutinn af sportinu.

Vélahjólaiþróttafélagið VÍK ásamt öðrum vélahjólaiþróttafélögum á landinu hafa staðið fyrir mikilli uppbyggingu í sportinu og hefur félagið lyft Grettistaki í þessum málum. Aðstaðan orðin mjög góð fyrir þá sem stunda torfæruakstur þó alltaf megi gera betur. Glæsilegri aðstöðu hefur verið komið upp í Bolaöldu, á móts við Litlu kaffistofuna. Þar er að finna þrjár motocrossbrautir sem henta öllum aldri og fjöldann allan af skemmtilegum slóðum fyrir enduró okumenn. Þar er einnig „Stóra kaffistofan“ sem er félagsheimili VÍK. Þar er góð aðstaða fyrir þá sem heimækja svæðið.

Á Álfsnesi er frábær moldar motocrossbraut sem VÍK hefur einnig umsjón með.

Fyrir utan höfuðborgarsvæðið er að finna nokkrar mjög skemmtilegar motocrossbrautir og er þá helst að telja, Þorlákshöfn, Selfoss, Vestmannaeyjar, Ólafsvík, Sauðárkrók og Akureyri. Félagin á þessum stöðum eru í stöðugri sókn og hafa bætt aðstöðu sína ár frá ári, því er bjart framundan í sportinu og óhætt er að hlakka til komandi sumars.

Íslandsmótið í sumar samanstendur af

þremur Endurókeppnum og fimm Motocrosskeppnum ásamt öðrum smærri keppnum eins og bikarkeppnum o.fl. Keppendum hefur fjölgað mikið ár frá ári og þá sérstaklega í motocrossi enda er óhætt að segja að þessi íþrótt sé nýjasta æðið í fjölskyldusportinu í dag.

Í lok sumars er svo stefnan sett á að fara til Bandaríkjanna og keppa í Motocross Des Nations, sem eru einskonar ólympíuleikar í motocross þar sem þrír okumenn frá hverju landi eru saman í liði, en Ísland hefur nú í fyrsta skipti þátttökurétt á þessari keppni, eftir að hafa formlega gengið í FIM (Alþjóðlega mótörhjólásambandið) á síðasta ári. Eftir á að velja keppendur í liðið, en það fer eftir árangri á Íslandsmótinu í sumar hverjr fá að verja heiður landsins á þessu móti.

Þeir sem hafa áhuga á að fræðast frekar um félagið er beint á að skoða heimasíðu klúbbsins á: www.motocross.is en þar má lesa helstu fréttir úr sportinu ásamt því að þar er hægt að skrá sig í félagið o.fl.

Keppnisdagatal 2007

12. maí.	Enduro	Hella
9. júní.	Motocross	Reykjavík
16. júní.	Enduro	Akureyri
30. júní.	Motocross	Ólafsvík
4. ágúst.	Motocross	Akureyri
18. ágúst.	Motocross	Reykjanesb.
1. sept.	Motocross	Reykjavík
2. sept.	Enduro	Bolalda
22.-23. sept	Motocross	USA
20. okt.	Áshátið	Reykjavík

TRALTECH HELMET LIGHTS



MR11
Hjálmaljós
einföld og tvöföld
tengjast við rafkerfi
hjóls eða rafhlöðu



VAPOR

Hraði / Vegalengd / Snún. hraði / Hiti / Klukka



**INDICATOR
DASHBOARD**

Matlabort með ljósum



VECTOR

Hraði / Vegalengd / Hiti / Klukka / Stýristakkar

Mótorsport aksturstölvá :

Snúningshraðamælir

Gírskipti ljós

Mótorhita viðvörðun

Gengur fyrir AC/DC rafmagn

Góð bakljýsing



8" RACELIGHT

Óflugt HID XENON ljós
4 - 5 sinnum meira ljós tekur aðeins 35W

Mótorsport aksturstölvá :

Stýristakki auðveldar stjórnun tölvu

Hringja tímateljari (lap timer)

Viðhalds áminning (með tákni á skjá)

AMG AUKARAF

Dalbrennu 16 • Kópavogi • www.aukaraf.is • ☎ 585 0000



Mér leiddist!

Kjartan Kjartansson er maðurinn á bakvið Offroad Challenge hugmyndina hér á landi. Drullumallið hafði samband við kappann og spurði hann út í ævintýrið.

Hvernig kviknaði hugmyndin að þessu hjá þér?

Ég er nú búinn að svara þessari spurningu mjög oft, en best að ég geri það einu sinni enn. Mér eiginlega leiddist og hafði lítið að gera, var með gamla VHS spólu í tækinu með Offroad Challenge keppni og þannig fæddist hugmyndin.

Var ekkert erfitt að fá menn til þess að taka þátt í þessu og landeigendur til þess að leggja til land undir keppnina?

Nei, það voru allir mjög jákvæðir strax í byrjun og landeigandinn tók hugmyndinni mjög vel, enda mjög jákvæður og til í allt. Hann sagði „Ég er ekki með rollur því er tilvalið að nota landið í eitthvað annað. Að visu voru, og eru ekki allir sáttir við þessa keppni, en þeim fer fækkaði enda fer gott orð af keppninni.

Áttir þú einhverntímann von á því að keppnin yrði jafn fjölmenn og stór eins og raun er orðin?

Ég vissi í raun og veru ekki hvað ég var að fara út í, í byrjun, enda svona keppni algörlega óskrifað blað á þeim tíma sem þetta byrjaði. En þátttakan í byrjun var mun meiri en ég átti von á og svo hefur hún aukist ár frá ári. Í fyrstu keppni voru 104 keppendur, svo 187, 267, 320 og svo 370 í fyrra og allt stefn-

ir í nýtt þátttökumet í ár.

Nú hlýtur að vera gríðarleg vinna á bak við svona keppni, getur þú giskað á hvað margir tímar fara í undirbúning á einni keppni?

Það er mjög erfitt að áætla hversu mikil vinna fer í þetta. Ég reyndi eitt árið að taka þetta saman og ég giska á að það sé svona viku vinna að undirbúa brautina og gera hana klára. Vinna við skriffinsku og það allt er ekki hægt að taka saman, enda stanslaust áreiti frá því skráning hefst. Ég kveiki nú orðið ekki á gsm símanum fyrstu vikurnar eftir að skráning hefst, því það er enginn friður. Fyrsta eða annað árið þegar ég kíkti á símann eftir 40 mínútna kennslustund þá voru um 20 ósvöruð símtöl á símanum og ekkert þeirra frá sama aðila. Svo kom nú oft í ljós að þetta voru misgáfuleg málefni sem menn vildu ræða, eiginlega voru fæst af þeim gáfuleg... En eftir keppnirnar þá hafa menn verið duglegir að hrósa mér og það er það sem maður nærast á, enda er maður að fara út í þetta eitt árið enn.

Eru sveitungar þínir ekki hæstánægðir með þetta framtak og er þetta ekki uppgrip fyrir marga á svæðinu?

Allavega fór ferðapjónustan á límingunum hérna í vetur þegar ég gaf það út



Verslaðu á netinu

MIXSPORT.IS

- *Auðvelt og þægilegt
- *Ekkert mál að skila
- *Millifærsla eða kreditkort
- *Stærðartöflur
- *Hröð þjónusta
- *Frábært verð
- *Alltaf opið

að keppnin yrði ekki haldin í ár. Enda er þetta góð búbot fyrir öll þjónustu-fyrirtæki hérna á svæðinu og lenging á sumarið fyrir þessa aðila. En svo náðist lending í málinu og keppnin verður haldin í ár og allir eru sáttir enda er þetta orðin ómissandi þáttur í mótör-hjólamenningunni hér á landi.

Verða einhverjar breytingar gerðar á keppninni eða brautinni í ár?

Nú er þetta komið meira í hendurnar á Vík, þannig að ég veit ekki alveg hvað þeir hafa í huga. Strákarnir eru að koma austur núna um helgina að skoða svæðið og leggja brautina. Við erum bundnir af því að hafa grasið nokkuð óbreytt, en sandurinn býður upp á meiri möguleika og það verða eflaust lagðar nýjar leiðir þar. Svo hef ég heyrt að það verði strangt tekið á þeim sem eru að stytta sér leið, en það hefur verið ljóður á mörgum keppendum síðustu ár og nú á að koma í veg fyrir það með því að dæma tímavíti á menn eins og gert er í Endurókeppnum.

Nú sá ég að þú ert skráður sem keppandi í fyrsta skipti, verða það ekki viðbrigið fyrir þig að taka þátt? Og ert þú búinn að setja þér eitt-hvað markmið fyrir keppnina?

Ég held að það verði miklu meira að gera hjá mér á keppnisdaginn. Hingað til hef ég nánast verið kominn í frí þegar keppni hefst. Reyndar sagði ég einhventímann að menn væru ruglaðir að taka þátt í þessu, en nú er ég greinilega komin í þann hóp. Hvað varðar markmið þá er það bara eitt! Að ná hraðari hring en lopahrúgaldið sem ég keppi með. (Heimir Barðason).

Veist þú eitthvað með framhald keppinnar á næsta ári,?

Satt best að segja þá hef ég ekki hugmynd um hvað gerist á næsta ári.



Kjartan að veita sigurvegurum fyrstu Offroad Challenge keppinnar árið 2002, Einari Sigurðarsyni og Helga Val Georgssyni „Grjótið”.

Bóndinn sem lánar okkur landið undir keppnina er kominn út í annan geira en hann var í, þannig að þetta veltur allt á honum myndi ég segja. En ég er nokkuð viss um að það verður mikill þrýstingur af hálfu ferðapjónustunnar hérna að halda þessu áfram. En þetta er nú kannski ekki eini staðurinn á landinu þar sem hægt er að halda svona keppni.

Er eitthvað sem þú vilt segja við væntanlega keppinauta þína að lokum?

Já að sjálfsögðu þá verða þeir að víkja vel þegar ég kem fram úr þeim og ef svo ólíklega vill til að einhver nái mér, þá vil ég að hann fari varlega fram úr mér.

En að öllu gamni slepptu þá vil ég bara minna menn á að koma með rétta hugarfarið, hafa gaman af þessu og vera heiðarlegir við sjálfa sig og aðra. Því þetta er fyrst og fremst gert til þess að hafa gaman af þessu.



Réttur fatnaður skiptir máli



Bíldshöfða 9 - 110 Reykjavík - Sími: 557 4848 - www.nitro.is

Legga brautarinn

Það má skipta brautinni í tvö svæði. Annars vegar „grasið“ og hinsvegar „sandinn“. Enda um misjafnan jarðveg að ræða. Startið fer fram á grassvæðinu og þaðan er ekið í smá hring áður en farið er inn á stutta hjáleið til þess að ná réttri akstur Stefnu. En eftir það er ekinn öfugur hringur. Frá tímahliði að sandinum eru 3,6 km. síðan er ekið í sandinum í 7,3 km., áður en aftur er komið inn á graskafn sem er ekinn í 4,2 km að tímahliði. Samtals gerir þetta 15,2 km. sem er lengd brautarinnar. Sandurinn hefur verið mörgum keppendum erfiður í gegnum tíðina, enda töluvert af grjóti í honum og svo vill hann verða ansi holóttur þegar líður á keppnina. Grasið var fyrstu 2-3 árin auðveldari kafli brautarinnar, enda lét einn útlendingurinn sem keppti hérna annað árið í keppninni þau orða falla að hann hefði haldið að hann væri að keyra á golfvelli. En eftir því sem árin hafa liðið hefur grasið slitnað meira og nú er það orðið nánast jafn erfitt og sandurinn yfirferðar. Hér til hliðar má sjá GPS teikningu af brautinni með kennileitum merktum inn á sem auðvelda ættu fólki á að átta sig á legu brautarinnar.

● 7,6 km.
Brautin hálfnuð




ar

Startið



Tjaldið



11,0 km. Frá tímahliði

3,4 km. Frá tímahliði

Brekka 1




Tímahlið


Sandurinn



Brekkan



Upplýsingar um áhorfenda- og keppnissvæði



Hér að ofan er teikning af því svæði sem áhorfendur og keppendur hafa að mestu haldið sig á undanförunum árum. Þar sem að keppendum og áhorfendum hefur fjölgað gríðarlega má búast við því að það verði þröngt á þingi í pittnum og á bílastæðum í kringum svæðið. Þess vegna viljum við biðja fólk um að reyna að koma sér fyrir á þeim svæðum sem merkt eru á kortinu hér fyrir ofan. Og að gefnu tilefni viljum við biðja áhorfendur að leggja á bláu svæðunum ef kostur er. Einnig viljum við minna á að allur akstur mótörhjóna sem ekki eru að taka þátt í keppninni er bannaður á svæðinu. Svo viljum við benda áhorfendum á að vera vel vakandi fyrir umferð á svæðinu, þar sem mikill erill er á staðnum á meðan á keppni stendur.

Við erum flutt!



**Verzlunin MOTO og
KTM Ísland ehf. opna
glæsilega nýja verslun að
Rofabæ 7, 110 Reykjavík**

**Nýja verslunin er aðeins
1000m frá gamla staðnum!**

MOTO

KTM



Heyrst hefur...

...að öll gisting í kringum Klaustur sé fyrir lööngum orðin uppseld...

...að búið sé að hefla stóran kafla af sandinum í brautinni og grasið hafi líka verið lagað...

...að langtímaveðurspáin geri ráð fyrir skúrum og 9 gráðu hita á keppnisdag...

...að ekkert sé að marka langtímaspár...

...að margir séu að taka þátt í keppninni í sjötta sinn...

...að Einar Sigurðarson sé líklegast með bestan árangur af öllum keppendum í gegnum tíðina...

...að hann hafi verið í fjórða sæti árið 2003 en annars alltaf á palli...

...að Einar hafi aldrei keyrt með sama félagi, en ætli að gera það í ár...

...að dúndurball verði haldið í félagsheimilinu á Klaustri eftir keppni...

...að hljómsveitin Lost Toad haldi uppi stuðinu fram á rauða nótt...

...að lögreglan á Vík ætli að vera með sérstakt umferðareftirlit um helgina og það borgi sig ekki að kitla pinnann um of ef menn vilja ekki fá feita sekt...

...að kvenfélagið á Klaustri verði með sölutjald á keppnissvæðinu...

...að þetta sé flottasta Drullumallið sem komið hefur út...



Polakstur á Hellu

Laugardaginn 12. maí s.l. var haldin fyrsta og önnur umferð Íslandsmótsins í polakstri. Metþátttaka var í mótinu en um 150 keppendur voru mættir til leiks í öllum flokkum.

Meistaradeild

Allra augu voru á ökumönnunum Kára Jónssyni Íslandsmeistararinn frá því í fyrra á TM hjóli, Einari Sigurðarsyni á KTM og Valdimar Þórðarsyni á Yamaha. Það kom einnig mjög fljótlega í ljós að þessir þrír eru í sérflokki í Enduro. Þeir börðust grimmilega um þrjú efstu sætin og Kári og Einar unnu sitthvora umferðina og eru jafnir að stigum. Valdimar er svo í þriðja sæti aðeins 5 stigum á eftir þeim.

Tvímennigur

Í tvímenningi aka tveir ökumenn saman og skiptast á um að keyra. Úrslit í þessum flokki voru afgerandi og voru það feðgarnir Haukur Þorsteinsson og Arnór sonur hans sem sigruðu. Gömlu kempurnar Viggó Örn og Róbert urðu aðrir og Ragnar Ingi og Þórður í þriðja sæti.

Baldursdeild (Byrjendaflokkur)

73 keppendur tóku þátt og flestir klárðu keppni þó svo að brautin hafi verið mjög krefjandi. Hörð keppni var um fyrstu sætin og voru þetta allt menn sem ekki hafa sést áður á verðlaunapalli. Í fyrsta sæti var Atli Már Guðnason, í öðru sæti jafn Atla að stigum varð Ívar Guðmundsson og í þriðja sæti varð Ingvar Birkir Einarsson.

Nánari úrslit eru á: www.motocross.is/urslit

🇮🇸 Husqvarna

Husqvarna TE endurohjólin hafa hlotið lof ökumanna um allan heim og eru talin ein bestu endurohjól á markaðnum í dag. **Komdu og skoðaðu nýju 2007 ágerðirnar!**


Husqvarna TE 450 > 978.000 kr.

Husqvarna TE 510 > 998.000 kr.

Öll TE endurohjól eru afhent götuskráð á hvítum númerum. **Hægt er að borga 20% út og fá rest á láni.**



Flottustu merkin fást hjá okkur!
Komdu og skoðaðu nýjar vörur
frá **Thor** og **Fox**. Þú finnur ekki
vandaðri galla í dag!



tm
RACING

Ekki stærstir - en bestir!



Kári Jónsson
Íslandsmeistari
í enduró
ekur á **TM**



Gleraugu



Spelkur



Hjálmar



Dekk



FSR 450 Kr. 955.000,-

GAS GAS


*Aldrei auðveldara
að eignast nýtt hjól*

Dæmi: Hjól á kr 890 þúsund. Aðeins 178 þúsund
krónur útborgun og 12.424 krónur á mánuði*

*Miðað við 72 mánaða bilasamning hjá SP.



Skór



Fatnadir



Sigurveggarar Offroad Challenge frá upphafi



Tvímenningskeppni

- 2002 Helgi Valur Georgs. og Einar Sig.
- 2003 James Marsh og Viggó Viggósson
- 2004 David Knight og Ed Jones
- 2005 Anders Erikson og Tony Marshall
- 2006 Micke Frísk og Mats Nilson

Einstaklingskeppni

- 2002 Haukur Þorsteinsson
- 2003 Bragi Óskarsson
- 2004 Sölvi Árnason
- 2005 Jóhann Ögri Elvarsson
- 2006 Baldur Þór Davíðsson

Félagsgjald VÍK 2007

Til félagsmanna

Til að geta byggt upp akstursvæði og skapað okkur aðstöðu og svigrúm til að stunda þessa frábæru íþrótt og útiveru verða allir að leggja sitt af mörkum. Vélhólaíþróttafélagið, VÍK, er hagsmunafélag allra þeirra sem keppa og ferðast á torfærumótorhjólum.

VÍK rekur tvö akstursvæði í nágrenni Reykjavíkur. Á Álfsnesi ofan við Mosfellsbæ eru tvær motocrossbrautir, annars vegar fyrir 85cc hjól og hins vegar stærri hjól.

Á Bolaöldusvæðinu til móts við Litlu kaffistofuna er komin frábær aðstaða fyrir sportið. Þar er m.a. þrjár motocrossbrautir, fjöldi endurólóða o.fl.

Félagsgjald VÍK er aðeins 4000 krónur og með því að greiða félagsgjaldið styður þú starf VÍK og færð að auki afsláttarkort sem veitir 5-30% afslátt hjá fjölda aðila.

Afsláttur af bensíni hjá Olís og á Litlu kaffistofunni. Félagsmenn munu fá sent viðskiptakort Olís sem félagsskírteini en það veitir þeim 4 kr. afslátt af bensíni (full þjónusta) og 2 kr. afslátt af hverjum lítra í sjálfsafgreiðslu auk 10% afslátt af flestri annarri vöru á Olís stöðvum og hjá Ellingsen.

Einnig eru lægri brautargjöld og frí afnot af enduroslóðum á Bolaöldusvæðinu og árskort og mánaðarkort í brautir á góðum kjörum fyrir félagsmenn VÍK. Sjá nánar á motocross.is

Keppendur í unglinga- og kvennaflokkum

85cc flokkur unglinga

- 44 Daniel Freyr Árnason
- 99 Guðmundur Kort Nikulásson
- 285 Andri Ingason
- 316 Pálmi Geir Sigurgeirsson
- 367 Ingvi Björn Birgisson
- 394 Valberg Snær Ólafsson
- 602 Sævar Knútur Hannesson
- 760 Pálmi Freyr Gunnarsson
- 810 Benedikt Þrastarson
- 851 Þórður Atli Guðnýarson
- 910 Haraldur Örn Haraldsson
- 949 Hjalti S. Kristjánsson
- 980 Jón Bjarni Bjarnason

125 cc flokkur unglinga

- 77 Geir Guðlaugsson
- 176 Röbert Rúnar Ásgeirsson
- 340 Jón Leo Jónasson
- 599 Hreiðar Ingi Ársælsson
- 689 Steingrímur Örn Kristjánsson
- 852 Eypór Tómasson

85cc flokkur kvenna

- 183 Helga Valdís Björnsdóttir
- 235 Guðfinna Gróa Pétursdóttir
- 542 Signý Stefánsdóttir
- 655 Anita Dögg Stefánsdóttir
- 686 Margrét Mjöll Sverrisdóttir
- 688 Sigþóra Brynja Kristjánsdóttir
- 780 Bryndís Einarsdóttir
- 797 Halla Berglind Jónsdóttir

850 Guðný Helga Helgadóttir

- 993 Ingibjörg T. Leópóldsóttir

125cc flokkur kvenna

- 117 Hafdís Svava Nielsdóttir
- 162 Laufey Ólafsdóttir
- 184 Margrét Erla Júlíusdóttir
- 191 Erna Haraldsdóttir
- 202 Karen Anna Guðmundsdóttir
- 209 Sandra Júlíusdóttir
- 225 Hólmfríður Karlsdóttir
- 402 Jóhanna Birna Hrólfssdóttir
- 508 Ragnheiður K. Grétarsdóttir
- 522 Oddný Stella Nikulásdóttir
- 656 Björk Erlingsdóttir
- 660 Steina Steinarsdóttir
- 999 Freyja Leópóldsóttir

Ath. skráningu í þessa flokka var ekki lokið þegar blaðið fór í prentun.

Mikill kraftur gott verð

Terra Moto 2007

125cc

150.000,-

TILBOÐ



HUSABERG
ESTROKETTO

TILBOÐ



Kawasaki

TILBOÐ

Kawasaki kx 450 F 2007
450cc

830.000,-

Husaberg 2007
FE 450 götuskráð

870.000,-



Bildshöfða 9 - 110 Reykjavík - Sími: 557 4848 - www.nitro.is

Keppendur í Offroad Challenge 2007

- 1 Jón H. Magnússon og Haraldur Ólafsson
- 3 Aron Ómarsson og Gunnlaugur Karlsson
- 4 Bjarni Bærings og Jói Bærings
- 6 Markus Olsen og Robbin
- 7 Gylfi Freyr Guðmundsson og Mattias Nilsson
- 8 Einar Bragason og Sölvi Árnason
- 9 Einar Skúli Skúlason og Pétur Haukur Loftsson
- 10 Haukur Þorsteinsson og Dean Olsen
- 11 Kristófer Þorgeirsson og Sveinn Sveinsson
- 12 Kristján Kristjánsson og Gestur Gestsson
- 13 Kjartan Kjartansson og Heimir Barðason
- 14 Gunnar Sólvason og Örn Sævar Hilmarrson
- 15 Ingvar Birkir Einarsson og Davíð Logi
- 16 Heiðar Gretarsson og Kristján Arnór Gretarsson
- 17 Gunnar Sigurðsson og Jóhann Ögri Elvarsson
- 18 Haukur Þorvaldsson og Hafsteinn Þorvaldsson
- 19 Magnús Jóhannsson og Stefan Briem
- 21 Magnús Samúelsson og Guðmundur Þórir
- 22 Magnús Þór Sveinsson og Helgi Valur Georgsson
- 23 Ellert Ágúst Pálsson og Friðrik Arilíusson
- 24 Þóroddur Þóroddsson og Þórir Guðmundsson
- 25 Ólafur H. Hansen og Sverrir Jóhann Jóhannsson
- 27 Óttar Þórarinnsson og Bjarni Stefán Gunnarsson
- 28 Hallgrímur Óskars. og Guðmundur B. Pálmason
- 29 Steinþór G. Stefánsson og Heiðar Snæbjörnsson
- 30 Þorvaldur Örn Ásgeirsson og Páll Melsted
- 32 Gústaf A. Hermannss. og Jóhannes Jóhannesson
- 33 Jón Sigþór Jónsson og Pálmar Pétursson
- 35 Pétur Smárason og Magnús Ásmundsson
- 36 Sigurður V. Jónsson og Reynir Örn Harðarson
- 37 Halldór Björnsson og Ómar Stefánsson
- 38 Óskar I. Sigurðsson og Guðmundur Steinþórsson
- 39 Ásgeir Örn Rúnarsson og Óskar Dan Skúlason
- 40 Benedikt Hermannsson og Reynir H. Stefánsson
- 41 Þórarinn Ólafsson og Þór Kjartansson
- 42 Stefán Vignisson og Kristján Már Magnússon
- 48 Óskar F. Öðinsson og Birkir Smári Sigurgeirsson
- 49 Leifur Þorvaldsson og Bjarni Arnarsson
- 50 Hrafnkell Sigtryggsson og Grettir Rúnarsson
- 51 Vesteinn G. og Steinn Kári
- 54 Jóhann Hansen og Helgi Reynir Árnason
- 55 Örn Erlingsson og Hjalmar Ólafsson
- 59 Sigurjón Eiðsson og Kári Sigurbjörnsson
- 60 Stefán Halldórsson og Snorri Þór Árnason
- 61 Guðbjartur S. og Arnar Ingi Guðbjartsson
- 63 Jóhann Halldórsson og Ólafur Baldursson
- 64 Valgeir H. Kjartansson og Gústav A. Gústavsson
- 67 Gunnar Bjarnason og Guðmundur Pétursson
- 68 Einar Sigurðarson og Ragnar Ingi Stefánsson
- 69 Árni Jón Pálsson og Páll Snorrason
- 70 Egill Ragnar Sigurðsson og Auðunn Danielsson
- 71 Elmar Már Einarsson og Torfi Birkir Jóhansson
- 73 Ásgeir Eliasson og Sævar Ingi Eiríksson
- 74 Árni Gunnar Haraldsson og Davíð Örn Ingason
- 75 Brynjar Þ. Gunnars. og Jóhannes T. Sveinbjörns.
- 76 Haukur H. Ómarsson og Sigmundur Sæmundsson
- 77 Hjörtur Grétarsson og Finni Jóhannsson
- 78 Jóhann Sigurjónsson og Árni Þór Jónasson
- 79 Aðalsteinn I. Jónsson og Ísak Guðjónsson
- 79 Hannibal Ólafsson og Hákon Frank Bárðarson
- 80 Borgar Jónsson og Sigurður Arason
- 83 Brynjólfur V. Smárason og Eysteinn J. Dofrason
- 85 Ríkardur Reynisson og Egill Arnar Valsson
- 86 Árni Stefánsson og Sævar Birgisson
- 88 Unnar Helgason og Guðjón Vígundur Helgason
- 89 Jóhann Gunnlaugsson og Ármann Óli Birgisson
- 92 Pétur Þorleifsson og Hrólfur Ingi Skagfjörð
- 93 Guðni Þór Valþórsson og Ágúst Már Ágústsson
- 95 Guðmundur Stefánsson og Pálmi G. Baldursson
- 96 Elis B. Blængsson og Ingólfur Örn Ármannsson
- 97 Bjarni Einarsson og Theódór Þórðarson
- 99 Hlynur Elfar Þrastarson og Bergsveinn Snorrason
- 100 Ívar Þór Ágústsson og Árni Hrnarr Haraldsson
- 101 Jón Gunnar Kristjánsson og Gísli V. Gonzales
- 105 Ingi Guðmundsson og Helgi Júlíusson
- 106 Georg Gíslason og Bjarki Logason
- 107 Hákon I. Sveinbjörnsson og Hjörleifur Björnsson
- 108 Guðmundur Guðmunds. og Hrafn Á. Hrafnsson
- 109 Grétar Már Þorvalds. og Guðbjörn Þór Þórðarson
- 110 Kristján Steingrímsson og Finnur Steingrímsson
- 111 Lúdvík Vilhelmsson og Steindór Einarsson
- 117 Eiríkur Haraldsson og Snæbjörn Jónsson
- 118 Kristján K. Kristjánsson og Jóhannes B. Kristján.
- 120 Guðberg Kristinsson og Hrafn Guðbergsson
- 122 Óli Rúnar Eyjólfsson og Ólafur V. Björnsson
- 123 Friðjón J. Guðmundsson og Sigurður I. Sigurðars.
- 124 Ármann Guðmundsson og Árni Rúnar Ingason
- 125 Sigfús Benediktsson og Valgarður Einarsson
- 126 Björgvin S. Stefánsson og Stefán H. Jóhannesson
- 128 Sigurður Villi Stefánsson og Jóhannes Þórðarson
- 130 Páll I. Pálsson og Guðmundur Þór Pálsson
- 132 Sindri F. Sigurgíslason og Ermir Freyr Sigurðsson
- 133 Sigurður Pétursson og Elfar Már Viggósson
- 135 Heiðar Már Árnason og Skúli Johnsen
- 138 Jón Gísli Benónýsson og Sævar Benónýsson
- 139 Hjalmar Jónsson og Kristdór Gunnarsson
- 140 Hjörtur L. Jónsson og Anton Sigurðsson
- 142 Baldur Pálsson og Guðmundur T. Ólafsson
- 143 Rúnar Ómarsson og Guðmundur Guðmundsson
- 145 Helgi Halldórsson og Sölvi Már Hjaltason
- 148 Þóður Þorbergsson og Guðmundur Þ. Ágústsson
- 149 Otri Smárason og Egill Jóhannsson
- 150 Björn Ómar Sigurðarson og Gylfi Viðisson
- 151 Máni Sigfússon og Sigurður Jakobsson
- 153 Margeir K. Eiríksson og Brandur Gunnarsson
- 154 Ragnar F. Franklinsson og Hróðvar H. Jóhannsson
- 155 Ingvar Hafbergsson og Birgir Már Georgsson
- 157 Gunnar Þrastar og Geirharður Jóhannsson
- 158 Johan Lorenzen og Nikolaj Lorenzen
- 160 Davíð Björgvinsson og Sigurður H. Sigurðsson
- 161 Sigvaldi Þorbjörn Emilsson og Gísli Guðjónsson
- 162 Vignir Sigurðsson og Jökull Gunnarsson
- 164 Atli Már Guðnason og Trausti Davíð Karlsson
- 165 Gunnlaugur Jónsson og Ragnar
- 169 Þróstur Júlíusson og Jóhann Bjarki Júlíusson
- 172 Hilmir B. Auðunsson og Guðmundur K. Albertss.
- 173 Gunnar Friðriksson og Ástþór Ingi Ingvason
- 176 Ómar Gunnarsson og Birgir Jónsson
- 177 Kristján Bárðarson og Garðar Hilmarrson
- 179 Hallur Einarsson og Einar Þór Birgisson

emmessis

Hjólaðu í hann!



180 Loftur Ágústsson og Helgi Jóhannesson
182 Eypór H. Björnsson og Hermann Bjarnasson
187 Pétur D. Sigurðsson og Órvar Egill Kolbeinsson
188 Sævar Hallvarðsson og Bjarki Hallvarðsson
189 Þráinn Ársælsson og Ivar Guðnason
191 Þórður Antonsson og Jakob Þór Guðbjartsson
196 Oddur Árnason og Ólafur Oddsson
197 Trausti Guðmundsson og Hörður Þór Harðarson
198 Kristján Óttarr Jónsson og Þórólfur Jónsson
199 Kristján A. Tómasson og Guðmundur H. Tómass.
202 Ásgrímur Órvar Jónsson og Óskar Már Jónsson
204 Þórarinn Þórarinnsson og Njáll Bjarnason
211 Víðir Sigursson og Pétur Örn Bjarnason
213 Helgi Már Hrafnkelsson og Aron Arnarson
216 Pétur Hansson og Hans Pétur Jónsson
218 Björn Breiðfjörð og Ragnar Pálsson
220 Hjörtur P. Jónsson og Guðmundur Jóhannsson
221 Ásdis Sigurðardóttir, Laufey Ólafsd. og Jónína
233 Hafþór Már Benjamínsson og Birgir Nikulásson
234 Björn Pétursson og Þorkell Andrésson
239 Jón Þ. Jóhannsson og Valdimar Þór Svavarsson
244 Jóhann A. Jóhannsson og Stefán R. Jóhannsson
247 Brynjar E. Einarsson og Magnús R. Magnússon
258 Guðmundur Óli Gunnarsson og Gísli Símonarson
259 Davíð Þór Helgason og Páll Stari Eyjólfsson
269 Jón Örn Bogason og Halldór Einarsson
280 Garðar Atli Jóhannsson og Bergþór B. Björnsson
300 Ágúst Björnsson og Jón Jónsson
303 Hólmar Logi Sigmundsson og Birgir Örn Birgisson
313 Andri Guðmunsson og Guðjón Gunnarsson
318 Sveinbjörn Nikulásson og Sverrir Jónsson
320 Brynjar Kristjánsson og Magnús G. Haraldsson
322 Björn A. Guðbjörnsson og Garðar Magnússon
331 Unnar Vigfússon og Hörður Eypórsson
366 Þorfinnur P. Eggertsson og John S. Sigurjónsson
377 Ólafur Þór Gíslason og Gísli Þór Ólafsson
410 Jamil Ásgeirsson og Haraldur Þ. Sveinbjörnsson
450 Sigurður R. Haraldsson og Edward Alexander
500 Aníta Hauksd., Karen Arnard. og Aðalheiður Birgisd.
514 Ingólfur Kristinsson og Andri Björnsson
515 Óskar S. Erlendsson og Grímur Sveinn Erlendsson
558 Gísli Gunnarsson og Jóhann Elis Runólfsson
559 Halldór Sveinsson og Guðni Jónsson
564 Jósef Gunnar Sigþórsson og Börkur Valdimarsson
600 Sveinn Jóhannesson og Elvar G. Kristinsson
601 Ingi Stefán Ólafsson og Þorgeir Kristófersson
611 Guðný Ósk Gottliebsdóttir og Heiðar Hlökkversson
660 Anton Freyr Birgisson og Hinrik Geir Jónson
666 Sigurður I. Einarsson og Gunnar S. Reynaldsson
672 Sigurður Ó. Kristjánsson og Bjarni Óskarsson
690 Finnur Aðalbjörnsson og Kristófer Finnsson
711 Theodóra Björk Heimisdóttir, Berglind og Eyrún
717 Magnús H. Hauksson og Guðni S. Þrastarson
757 Gunnlaugur R. Björnsson og Valdimar Þórðarson
777 Baldur Örn Magnússon og Rúnar Örn Ólafsson
878 Ágúst Davíðsson og Guðbjörn Sigurðsson
882 Jón Ingi Þrastarson og Sigurgeir Freyr Pálmason
883 Guðmundur Guðmundss. og Oddur Þ. Þrastarson
901 Sölvi Sveinsson og Kristinn Logi Sigmarsson
916 Magnús Gíslason og Jerry Bichard
949 Guðlaugur Skúlason og Helgi Ágústsson
969 Björgúlfur Kristinn Bóasson og Eypór Halldórsson

999 Þorri Jónsson og Elvar Guðmarsson

Einstaklingskeppni

20 Gunnar Atli Gunnarsson
26 Benedikt Helgason
34 Ástþór Reynir
56 Vilhjálmur Þórðarson
58 Einar Sverrisson
62 Ármann Örn
84 Jónbjörn Björnsson
87 Orri Pétursson
104 Páll Karlsson
113 Lúðvik Viktorsson
141 Atli Magnússon
156 Karl Sverrisson
183 Helga Valdís Björnsdóttir
195 Guðlaugur
200 Björn Torfi Axelsson
201 Ólfur R. Ólafsson
206 Guðni Stefánsson
207 Lárus Jóhannesson
208 Halldór Daðason
212 Arnar Már Árnason
215 Ólafur Grétar Sigurðarson
217 Aron Bjarni Stefánsson
222 Árni Sv. Mathiesen
227 Sigurjón Atli Benediktsson
232 Sigtryggur Sigurðsson
242 Jónas Stefánsson
250 Jón Ágúst Garðarson
255 Bjarki Dagur Guðjónsson
339 Steinn Hlíðar Jónsson
342 Stefán Gunnarsson
388 Gísli Geir Guðmundsson
402 Lárus Björnsson
447 Guðmundur Guðmundsson
466 Jóhann Smári Gunnarsson
474 Einar Smáráson
676 Sigurjón Örn Ólafsson
713 Kristinn Þór Kristinsson
733 Atli Freyr Garðarson
740 Sigurður Kári Jónsson
770 Sigurjón Leó Vilhjálmsson
771 Ásgeir Eliasson
800 Sigurður Gylfason
811 Karl Sigurðsson
814 Bryndís Bára Þórðardóttir
860 Þorvaldur Harðarson
924 Kristján Geir Mathiesen
949 Helgi Ágústsson
990 Halldór Gunnlaugsson

Röð keppenda á ráslínu er hægt að skoða á www.motocross.is



TACO BELL & KFC
HAFNARFIRÐI

MexiMelt

Gordita Beef Baja

Beef & Potato Burrito

Spicy Chicken Soft Taco



Myndasýrpa frá Offroad Challenge



Meistararnir velja



Valdimar Þórðarson sem keppir fyrir Team Yamaha velur aðeins það besta.

Valdimar keppir á Maxxis dekkjum sumarið 2007.

Sólning býður nú hin vönduðu Maxxis dekk fyrir motocrosshjól.

Söluáðilar: Sólning og MotorMax



SÓLNING

Kópavogur, Smiðjuvegi 68-70, sími 544 5000
Njarðvík, Fitjabraut 12, sími 421 1399 - Selfoss,
Austurvegur 58, sími 482 2722

Vélahjólaiþróttafélagið VÍK



Vélahjólaiþróttafélagið, VÍK, er hagsmunafélag allra þeirra sem keppa og ferðast á torfærumótorhjólum. Mikil aukning hefur orðið á fjölda torfæruhjóla undanfarin ár enda um gríðarlega skemmtilega íþrótt og ferðamáta að ræða og því er sterkt hagsmunafélag afar mikilvægt.

Eitt helsta baráttumál félagsins er viðunandi og varanleg æfingaaðstaða fyrir félagsmenn sína.

Fjölmarginir aðilar s.s. Orkuveita Reykjavíkur, Olís, Ferðamálastofa, Pokasjóður og Landsvirkjun hafa styrkt uppbygginguna.

Sérstök umhverfisnefnd starfar á vegum VÍK. Nefndin hefur unnið að fræðslu fyrir bættari umgengni vélahjólamanna um náttúru landsins og brýnt fyrir félagsmönnum og öðrum að stunda umhverfisvænan akstur. Nefndin hefur haldið vel sóttu fundi um umhverfis mál, gefið út kynningarbækling, sett upp leiðbeiningaskilti í samstarfi við Ferðaklúbbinn 4x4 o.m.fl.

Vélahjólaiþróttafélagið hefur til afnota tvö svæði í nágrenni Reykjavíkur, við Bolaöldur sunnan við Þjóðveginn hjá Litlu-Kaffistofunni og á Álfsnesi, Kjalarnesi.

Gríðarlega mikilvægt er að notendur fylgi þeim reglum sem gilda um svæðin s.s. að aka aldrei utan merktra slóða og virða allar merkingar um einstefnu eða tímabundnar lokanir. Uppbygging svæðanna er alfarið í höndum VÍK sem nýtur til þess stuðnings fjölda fyrir-tækja og einstaklinga.


Dagskort fyrir aðgang að motocrossbrautunum fást í Litlu kaffistofunni og á afgreiðslustöðum Olís, og hjá N1 í Mosfellsbæ. Akstur á enduroslóðum er ókeypis fyrir félagsmenn VÍK en aðrir þurfa að kaupa dagskort.

motocross.is

Bolaöldur

Aksturs- og æfingasvæði
Vélhjólafélagsins

ATH! allur akstur
bannaður í Ólafsskarði



Á Bolaöldusvæðinu eru tvær motocrossbrautir og ein byrjendabraut ásamt fjölda endurúslóða.

Á leiðarkortinu má sjá þær leiðir sem búið er að opna. Hver leið hefur sérstakan lit sem segir til um erfiðleikagráðu leiðarinnar. Takið sérstaklega eftir merkingum um einstefnu. **Einstefna er merkt inn á leiðir í þeim tilgangi að hlífa landinu - ekki notendum!**

Mögulega þarf að loka ákveðnum leiðum vegna viðhalds eða breytinga og verður hægt að nálgast nýjustu upplýsingar um slóðanetið á www.motocross.is.

MX braut



Byrjendabraut

MX braut

- 85T / 150F

Sérstök athygli er vakin á því að öll umferð er bönnuð um gönguleiðina við Ólafsskarði!

Ath. Svæðið er í eigu Sveitarfélagsins Ölfus og brot á ofangreindum reglum geta leitt til riftunar samningsins. Akstur utan brauta og óabyrg hegðun verður kærð til lögreglu.

Álfsnes

Ákstars- og æfingasvæði
Vélahjóláíróttafélagsins



Vélahjóláíróttafélagið VÍK hefur til umráða akstursvæði á Álfsnesi á Kjalarnesi.

Þar eru tvær motocrossbrautir og byrjandabraut, þannig að allir ættu að geta fundið braut við sitt hæfi hvort sem menn eru að byrja í sportinu eða lengra komnir. Aðgangur er seldur að brautunum og er hægt að kaupa sér dagsmiða á N1 bensínstöðinni í Mosfellsbæ.

Dagsmiði fyrir 85cc og minni hjól kostar 500 kr. Dagsmiði fyrir 125cc og stærri kostar 1000 kr. Innkoman rennur beint í rekstur á brautinni því er mikilvægt að allir sjái sóma sinn í því að greiða fyrir aðgang.

Brautirnar eru moldarbrautir og því mjög skemmtilegar með miklu gripi þegar þær eru upp á sitt besta, en að sjálfsögðu þola þær ekki mikla rigningu og geta orðið nánast ófærar þegar rignir mikið.



Persónuleg þjónusta og yfir 40 ára reynsla



Nafnspjöld

Bréfsefni

Umslög

Reikningar

Ársskýrslur

Veggspjöld

Bæklingar

Verðlistar

Vörulistar

Smáprent

Fjölritun

Umbúðir

Blöð og tímarit

Markpóstur

Möppur

og allt hitt

Við hjá Litlaprent bjóðum aðeins upp á hágæða prentun og góða persónulega þjónustu við fyrirtæki og einstaklinga. Hvort sem verið er að prenta nafnspjald, reikninga, möppur, tímarit eða annað. Ef þig vantar aðstoð eða tilboð þá ertu velkominn, þú getur einnig hringt í síma 540 1800 eða sent okkur netpóst á litla@prent.is

Litla Prent ehf.
...við hugsum stórt





Gættu að landinu

– ábyrgur akstur torfæruhjóla

Umhverfisnefnd Vélhjólaiþróttafélagsins vinnur að bættri samvinnu við aðra útivistarunnendur.

Allir ökumenn torfæruvélhjóla geta aðstoðað í baráttunni um bætt ástand með því að fara eftir meðfylgjandi tilmælum:

Sýnum landinu okkar tillitssemi

- » Ökum ekki utan vega
- » Skemmum ekki þá slóða sem við erum að nota (þá verða þeir bara dæmdir úr leik sem leyfilegar hjólaleiðir)
- » Breikkum ekki slóða – ef pollur eða grjót er í slóðanum, keyrum frekar hægar yfir í stað þess að fara útfyrir slóðann
- » Skerum ekki beygjur með því að fara út fyrir slóða
- » Hvílum blauta slóða – snúum frekar við og veljum aðra leið

Sýnum öðru útivistarfólki tillitssemi ...

- » Hjólum aldrei á reiðstígum – aldrei
- » Þegar hrossum er mætt, förum út í kant og drepum á hjólunum
- » Sláum af og „læðumst“ þegar við mætum gangandi fólki eða bílum
- » Þenjum ekki hjólin þegar ekið er í námunda við byggð
- » Kurteisi og virðing fyrir áhugamálum annarra eykur líkurnar á skilningi þeirra fyrir sportinu okkar

Fræðum þá sem eru nýir í sportinu ...

- » Gefum okkur tíma til að kynna þeim sem eru nýir hvernig best er að gera hlutina

Hlutverk hvers og eins okkar er að vinna íþróttinni brautargengi með ábyrgu og skynsömu aksturslagi!

Mundu að þú ert hluti af stórri heild!



Vélfjólaiþróttafélagið VÍK er hagsmunafélag þeirra sem keppa og stunda útivist á vélhjólum. Torfæruvélhjólum hefur fjölgað gríðarlega undanfarin ár - enda um skemmtilega íþrótt og ferðamáta að ræða.

VÍK stuðlar að góðum samskiptum við aðra útvistarhópa og brýnir fyrir hjólamönnum að bera virðingu fyrir landinu með góðri umgengni og sýna öðru útvistarfólki tillitssemi.

VÍK hefur umsjón með motocross keppissvæðum í nágrenni Reykjavíkur ásamt sérstöku svæði við Bolaöldu þar sem stunda má endúr-akstur eða almenna útivist á vélhjólum.

Félagsmenn í VÍK geta nýtt sér aðstöðuna gjaldfrítt en akstur í motocross brautum er gjaldskyldur.

Nálgast má dagskorti í Litlu-Kaffistofunni við Suðurlandsveg.

VÍK heldur úti upplýsingavef á www.motocross.is sem er einn virkasti vefur nokkurrar íþróttagreinar í landinu og státar af þúsundum heimsókna í hverjum mánuði.

Umhverfisnefnd VÍK sér um samskipti við yfirvöld, sveitarfélög og félagasamtök varðandi umhverfismál sem snúa að notkun vélhjóla. Nefndin tekur efnislega afstöðu til þeirra mála sem upp koma og miðlar upplýsingum um umhverfismál til félagsmanna.

Vilt þú ekki slást í hópinn?

Með því að gerast félagi í VÍK ...

- » færð þú hagstæðari kjör á aðgangskortum allra aksturssvæða í umsjón VÍK
- » færð þú afsláttarkort sem veitir 5-15% afslátt hjá fjölda fyrirtækja.
- » veitir þú nauðsynlegri hagsmunabaráttu góðan stuðning



VÍK hefur í samstarfi við **Ferðaklúbbinn 4x4** látið útbúa skilti sem ætlað er að leiðbeina vegfarendum og minna á nauðsyn þess að ganga vel um landið. Klúbbarnir, sem báðir vinna að því að félagsmenn og aðrir ferðalangar iðki umhverfisvænan akstursmáta, hafa staðið að dreifingu skiltanna vítt og breytt um landið.

Skiltið er á ýmsum stöðum þar sem ökumenn hafa í gáleysi ekið út á viðkvæma slóða eða stíga sem ekki eru ætlaðir vélknúnum ökutækjum.



Þetta skilti er við ýmsa almenna vegi og er hlutverk þess að minna ferðalanga á nauðsyn þess að spilla ekki landinu með gáleysislegum utanvegaakstri.

VÍK brýnir fyrir vélhjólamönnum að verða við þessum tilmælum.

Allt fyrir hjólamanninn !



Hlífur
Verið með öryggið
í lagi



20% afsláttur
af hjálumum
fram að klaustri !!!

Varahlutir, slithlutir,
dekk, gallar, o.fl. o.fl.

3ja hjóla kerrur
Verð kr. 79.900,-



Munið 10% afslátt til félagsmanna.

Kynntu þér sérpöntunarþjónustu Bílabúðar
Benna - Frábær verð !

Bílabúð
Benna

Bílabúð Benna - Vagnhöfða 23
S. 590 2000 - www.benni.is